

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 27. maí 2024

Mál nr. S-2903/2023:

Ákærvaldið

(Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Mohammed Musah,

(Helgi Þorsteinsson Silva lögmaður)

Petra Anarfo

(Guðmundur Narfi Magnússon lögmaður)

Dómur:

I

Mál þetta, sem dómtekið var 10. maí 2024, að lokinni aðalmeðferð, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurnesjum útgefinni 25. október 2023, á hendur ákærðu Mohammed Musah, fæddum [...] og Petra Anarfo, fæddri [...], bæði með ríkisfang [...] og [...].

Málið er höfðað á hendur ákærðu fyrir peningabætti með því að hafa á tímabilinu 28. apríl 2023 til 1. maí 2023, í félagi, tekið við samtals 28.180 evrum í reiðufé frá óþekktum aðila eða aðilum en ákærðu gat ekki dulist að um væri að ræða ávinning af refsiverðum brotum. Ákærðu voru með reiðuféð í vörslum sínum, annars vegar falin í farangri ákærða Mohammed samtals 18.160 evrur og hins vegar falin í farangri ákærðu Petra samtals 10.020 evrur, þegar þau var handtekin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þann 1. maí 2023 á leið til [...], [...], með flugi nr. [...].

Með háttsemi sinni móttöku ákærðu ávinning af refsiverðum brotum, geymdu ávinninginn, fluttu og leyndu ávinningnum og upplýsingum um uppruna, eðli, staðsetningu og ráðstöfun hans.

Telst háttsemi ákærðu varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en til vara við 4. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er þess krafist að gerð verði upptækt með dómi samtals 28.180 evrur sem lögregla fann og haldlagði og varðveittar eru sem innistæða á bankareikningi lögreglustjórans á Suðurnesjum auk vaxta og verðbóta af framangreindri fjárhæð frá 11. maí 2023 til greiðsludags samkvæmt heimild í 69. gr. og 69. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940

II

Málavextir.

Tollgæsla hafði afskipti af ákærðu við komu hingað til lands 28. apríl 2023 og þá voru þau ekki með neina fjármuni að ráði á sér. Þegar þau voru á leið frá landinu 1. maí sama ár hafði tollgæsla aftur afskipti af þeim og þá reyndust þau vera með töluverða fjármuni í evrum á sér. Í vösum á fatnaði sem var í handfarangri ákærða Mohammed reyndust vera 18.160 evrur og í vösum á fatnaði í handfarangri ákærðu Petru reyndust vera 10.020 evrur eða samtals 28.180 evrur. Ákærðu voru handtekin og flutt á lögreglustöð og fjármunirnir haldlagðir.

Við handtöku kvaðst ákærði Mohammed stunda inn- og útflutning á bifreiðum á Ítalíu. Hann hafi komið hingað til lands í desember 2022 í þeim tilgangi að kaupa bifreiðar en ekki fundið neinar. Hann hafi þá komið með þá peninga sem ákærðu voru með og geymt þá hér á landi síðan þá. Ákærða Petra sagði að ákærði Mohammed ætti peningana og hann stundaði bifreiðaviðskipti. Hann hafi beðið ákærðu Petru að hafa þessa peninga á sér því það væri betra ef þau yrðu stöðvuð.

Tollverðir upplýstu um það að maður að nafni A hafði greitt fyrir flugmiða ákærðu hingað til lands og hann hefði einnig greitt flugmiða fyrir fleiri aðila sem hefðu komið til landsins. Samkvæmt ákvörðun lögreglustjóra sættu ákærðu tilkynningarskyldu hér á landi og áttu að dveljast innan ákveðins svæðis til 22. september 2023 á grundvelli 114. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016. Þá var tilkynningarskyldunni aflétt og í kjölfarið fóru ákærðu frá landinu.

Rannsókn lögreglu benti til þess að ákærðu hefðu ekki stundað viðskipti á Íslandi og á farsínum þeirra fannst ekkert sem tengdist rannsókn málsins.

Ákærði Mohammed gaf skýrslu hjá lögreglu 2. maí 2023. Hann kvaðst eiga inn- og útflutningsfyrirtæki á Ítalíu sem keypti ýmsan varning eins og bifreiðar og fatnað og sendi til Afríku. Hann kvaðst eiga vini hér á landi og hann hafi verið að skoða það að stunda viðskipti hér. Vinir hans hafi sagt honum að það gæti verið erfitt að kaupa bifreiðar hér en hann hafi langað að láta reyna á það þar sem hér væri mikið af sjálfskiptum bifreiðum. Ákærði hafi fyrst komið hingað til lands í desember 2022 en ekkert orðið af viðskiptum og þá hafi hann skilið eftir þá fjármuni sem hafi verið haldlagðir hjá ákærðu. Þegar hann hafi komið aftur í apríl 2023 hafi hann ætlað að gera aðra tilraun með viðskipti en það ekki gengið eftir svo hann hafi ákveðið að taka peningana með sér aftur heim. Ákærði hafi ákveðið að láta ákærðu hafa 10.000 evrur því hann hafi talið að hún ætti að geta ferðast með þá fjárhæð vandræðalaust. Ákærði hafi tekið eftirstöðvarnar eða 18.000 evrur og hann hafi ætlað að gera grein fyrir þeim ef för hans yrði stöðvuð. Í desember 2022 kvaðst ákærði hafa hitt [...] sinn sem vinni hér á landi og ákærði hélt að nafn hans væri B. Ákærði mundi ekki hvað hann væri gamall en líklega 18-20 ára. Ákærði sagði að [...] sinn byggi einnig hér á landi en ákærði var ekki viss um hvað hann heitir en hann væri kallaður C [...] og hafi búið hér á landi í meira en fimm ár. Ákærði vissi ekki hvar þeir [...] byggju en það væri í [...]. Ákærði kvaðst hafa komið með 27.000 evrur hingað til lands í desember 2022 og svo hafi hann verið með 1.000 evrur þegar hann kom í apríl 2023. Ákærði kvaðst hafa verið með þá fjármuni í veski sínu og því væri það ekki rétt að hann hafi ekki verið með neina fjármuni á sér við komu hingað til lands. Hann hafi dvalið hjá [...] sínum í desember 2022 og hann hafi bókað flugmiðann í gegnum kunningja sinn að nafni D sem vinni hjá ferðaskrifstofu. D hafi bókað miðana fyrir ákærðu í apríl 2023. Ákærði sagðist hafa geymt fjármunina sem hann hafi komið með í desember 2022 í lítilli tösku hjá [...] sínum en ákærði hafi ekki látið peningana í hendurnar á [...] sínum. Ákærði kvaðst ekki hafa verið hræddur við að skilja peningana eftir því hann vissi að hann kæmi aftur hingað til lands og þeir væru fjölskylda. Ákærði hafi verið viss um að fá peningana aftur því [...] hans væri heiðarlegur og ákærði hafi sótt peningana til hans. Ákærði sagði að menn sem hann hafi hitt hér á landi hafi ekki látið hann hafa peningana. Hann sagði að það hafi komið til tals um viku áður en ákærðu komu hingað til lands að ákærða Petra myndi fara með ákærða. Hún hafi

verið ánægð með það og ekki hafi verið rætt um að ákærði myndi greiða henni fyrir að koma með honum. Ákærði kvaðst vera fátækur og búa í leiguhúsnæði. Hann kvaðst hafa komið sjálfviljugur hingað til lands og ákærða hafi ekki verið neydd í ferðina.

Ákærða Petra gaf skýrslu hjá lögreglu 2. maí 2023. Hún skýrði frá því að ákærði Mohammed væri fjölskylduvinur og þekki [...] ákærðu vel. Ákærði hafi haft samband við [...] ákærðu nokkrum dögum áður en þau komu hingað til lands og spurt hvort ákærða hefði áhuga á því að fara með honum til útlanda. Ákærða kvaðst ekkert hafa rætt við ákærða um ferðina og hafi [...] hennar aðeins verið í sambandi við ákærða vegna ferðarinnar og hann hafi sent [...] ákærðu flugmiða hennar. Ákærða kvaðst ekki hafa rætt við ákærða fyrr en þau hafi verið á leiðinni út á flugvöll en [...] ákærða hafi ekið þeim þangað. Ákærði hafi fyrst nefnt að þau væru að fara til [...] en þegar þau hafi millilent í [...] og hún fengið farmiðann í hendur hafi komið í ljós að þau væru að fara til Íslands. Hér á landi hafi þau skoðað kaþólsku kirkjuna og tjörnina, farið í verslunarmiðstöð og heimsótt félagi ákærða. Daginn sem ákærðu hafi ætlað að fara til síns heima hafi ákærði látið ákærðu hafa peningana sem hún hafi verið með þegar för ákærðu var stöðvuð og beðið ákærðu að setja þá í hennar tösku. Ákærði hafi sagt að peningarnir væru tilkomnir vegna bifreiðaviðskipta og hann gæti lent í vandræðum ef hann væri með alla fjárhæðina og hún gæti farið með 10.000 evrur án þess að lenda í vandræðum ef ferðagögn hennar væru í lagi. Ákærða kvaðst hafa gist hér á gistiheimili og annað hvort ákærði eða vinur hans hafi greitt fyrir gistinguna. Hún kvaðst hafa hitt menn hér á landi með ákærða en hún vissi ekki full nöfn þeirra. Ákærða sagði að ákærði hafi aldrei rætt um að greiða henni fyrir að taka peningana en henni hafi dottið í hug að hugsanlega myndi hann láta hana hafa eitthvað. Ákærða sagði að [...] hennar hafi varað hana við að samþykkja að taka tösku ef hún vissi ekki hvert væri innihald hennar. [...] ákærðu hafi sagt að þetta yrði stutt ferð og hún ætti að hringja í [...] ákærðu ef ákærðu vantaði pening. Ákærða ætti að skemmta sér og hún yrði komin aftur heim innan skamms. Hún kvaðst ekki vita hvers vegna ákærði hafi boðið henni í ferðina og þetta hafi verið í fyrsta skipti sem hún hafi farið með honum. Ákærða hafi haldið að þar sem ákærði þekkti [...] hennar hafi hann aðeins viljað kynnast ákærðu betur. Hún sagði að ákærði ætti veitingastað og hann hafi bókað og greitt fyrir flugmiða ákærðu. Ákærði sagði að þegar hún hafi farið með ákærða á veitingastað hér á landi hafi hann hitt mann frá [...] en hún vissi ekki hvað þeir hafi rætt um.

III

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi.

Ákærði Mohammed Musah neitar sök og hann kvaðst stunda inn- og útflutning á bifreiðum á Ítalíu en eiginkona hans ræki þar veitingastað. Ákærðu hafi komið hingað til lands 28. apríl 2023 en [...] ákærðu Petru væri vinkona ákærða og ákærða hafi beðið um að koma með ákærða hingað til lands eða öllu heldur hafi það verið [...] ákærðu sem hafi spurt um það. Ákærða hafi viljað kynnast Íslandi og hún hafi skoðað einhverja staði með [...] ákærða hér á landi. Ákærði kvaðst hafa greitt ferðina fyrir þau bæði hingað til lands. Þegar ákærði hafi komið hingað til lands í desember 2022 hafi hann komið með 22.000 evrur og hann hafi verið með 18.000 evrur á sér en ákærða 10.000 evrur þegar þau hafi verið handtekin. Ákærði hafi beðið ákærðu að vera með hluta af peningunum ef ákærði myndi týna farangrinum og einnig vegna þess að hann hafi ekki upplýst um peningana þegar hann hafi komið með þá hingað til lands. Ákærði kvaðst hafa rætt við [...] sinn hér á landi um bifreiðaviðskipti en ákærði mundi ekki fullt nafn [...] síns né hvenær hann væri fæddur. Ákærði hafi athugað verð á bifreiðum hér á landi og séð að það borgaði sig ekki að kaupa bifreiðar hér og flytja til Ítalíu. Ákærði sagði að eftir að hann hafi komið hingað til lands í desember 2022 hafi hann geymt peninga hjá [...] sínum en verið með 2.800 evrur þegar hann kom til landsins í apríl 2023. Ákærði kvaðst ekki hafa sagt ákærðu hvar hann hafi fengið peningana sem þau hafi verið með og hann hafi ekki ætlað að greiða henni fyrir að koma með honum hingað til lands. Hann sagði að 28.000 evrur væru ekki lítilræði en ekki heldur mikið. Ákærði kvaðst hafa hitt vini sína í verslunarmiðstöðinni Kringlunni og fleiri stöðum til að ræða um bifreiðar. Þá hafi hann hitt menn frá [...] hér á landi sem hann þekki ekki.

Ákærða Petra Anarfo kvaðst vera tekjulaus nemi og hún hafi ekki heldur haft tekjur á árinu 2023. Hún kvaðst hafa komið hingað til lands í apríl eða maí 2023 með ákærða sem væri fjölskylduvinur. Ákærði hafi rætt við [...] ákærðu og spurt hvort hún mætti fara með ákærða hingað til lands. Hann hafi greitt fyrir ferðina en hann hafi ekki ætlað að greiða ákærðu sérstaklega fyrir að fara með honum. Hún kvaðst ekki hafa beðið ákærða um að fara með honum til Íslands. Ákærða sagði að tilgangur hennar með ferðinni hafi verið að heimsækja nýtt land og gera eitthvað fyrir ákærða. [...] ákærðu hafi sagt að hún væri aðeins að heimsækja landið og [...] ákærðu hafi ekkert sagt um ákærða. Hér hafi hún og

ákærði farið í verslunarmiðstöð að borða og þar hafi ákærði hitt vin sinn og [...] hans en þau hafi ekki gert neitt annað hér á landi. Ákærða kvaðst ekki muna hvað hún hafi verið með mikið af peningum á sér þegar för hennar hafi verið stöðvuð en ákærði hafi látið hana hafa peningana sama daginn og þau hafi ætlað af landi brott. Ákærða hafi aðeins átt að flytja peninginn en síðan að láta ákærða hafa þá aftur. Hann hafi sagt að það gæti verði vandamál ef hann væri með alla peningana. Ákærða kvaðst ekki vita af hverju [...] hennar hafi varað hana við að vera með tösku ef hún vissi ekki innihaldið en það hafi líklega verið af öryggisástæðum. Ákærða kvaðst ekki hafa átt von á einhverju frá ákærða fyrir að fara með honum til Íslands.

Vitnið, tollvörður nr. 0014, sagði að það hafi verið leitað á ákærðu þegar þau hafi komið hingað til lands m.a. með tilliti til fíkniefna. Þau hafi ekki verið með reiðufé á sér og ef svo hafi verið hafi það alla vega verið langt undir 10.000 evrum. Ákærði hafi sagt að hann og [...] ákærðu væru vinir og þau væru að ferðast saman.

Vitnið, tollvörður nr. 8802, kvaðst hafa leitað á ákærðu við brottför hennar frá landinu og hafi hún verið með peninga. Ákærðu hafi verið að ferðast saman og hafi hún sagt að hún ætti ekki peningana. Ákærða hafi verið samstarfsfús.

Vitnið, lögreglumaður nr. 9514 sagði að ákærðu hafi ferðast saman og höfð hafi verið afskipti af þeim við komu hingað til lands og þá hafi þau verið með litla fjármuni á sér. Þegar þau hafi verið að fara frá landinu hafi þau verið með um 28.000 evrur á sér og hafi ákærði sagst eiga peninginn og hafa komið með hann hingað til lands í desember 2022. Vitnið kvaðst hafa óskað eftir upplýsingum um ferðir og gjaldeyrisviðskipti ákærðu. Vitnið staðfesti frumskýrslu sína.

Vitnið, lögreglumaður nr. 2206, sagði að ákærðu hafi ekki haft bankaviðskipti hér á landi. Lögreglu hafi borist gögn frá verjanda ákærða og það hafi verið farið yfir þau en ekki hafi verið talið að þau skiptu máli vegna rannsóknarinnar. Ekkert hafi bent til þess að uppruni haldlagðra fjármuna hafi verið með lögmaetum hætti. Gögn úr farsímum ákærðu hafi ekki gagnast við rannsókn málsins.

Vitnið, E sérfræðingur hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum, sagði að athugað hafi verið með viðskipti ákærðu á Íslandi þ.m.t. gjaldeyrisviðskipti en slík viðskipti hafi ekki verið til staðar. Þá hafi ákærðu ekki mótttekið peninga hér á landi né sent peninga frá landinu. Vitnið staðfesti upplýsingaskýrslu sína.

Vitnið, lögreglufulltrúi nr. 0311, kvaðst vera í rannsóknum á skipulagðri brotastarfsemi og vitnið ákveði m.a. hvernig slíkar rannsóknir fari fram. Það hafi borist skattaskýrslur og fleiri gögn frá ákærða en ekki hafi verið talið að þau skiptu máli fyrir rannsóknina. Af þeim hafi mátt ráða að ákærði hafi haft samtals lægri tekjur í tvö ár en nam haldlögðum fjármunum. Vitnið kvaðst ekki minnst þess að hafa séð gögn um bifreiðaviðskipti ákærða. Ákærðu hafi ekki átt í bankaviðskiptum né öðrum viðskiptum hér á landi. Ákærði hafi ekki getað gefið upp nafn á [...] sínum hér á landi þar sem ákærði á að hafa geymt peninga. Ákærðu hafi ekki getað lagt fram gögn um uppruna haldlagðra fjármuna og vitnið fullyrti að þeir væru ávinningur af refsiverði háttsemi.

IV

Kröfur og sjónarmið ákærðu.

Verjendur beggja ákærðu skiluðu greinargerðum og gerðu báðir kröfu til þess að málinu yrði vísað frá dómi en því var hafnað með úrskurði réttarins 8. apríl 2024.

Verjandi ákærða Mohammed gerir aðallega þá kröfu að hann verði sýknaður en til vara, komi til sakfellingar, að honum verði gerð sú vægasta refsing sem lög frekast heimila og hún verði skilorðsbundin að öllu leyti. Þá er þess krafist að upptökukröfu verði hafnað. Loks er þess krafist að allur sakarkostnaður málsins verði greiddur úr ríkissjóði þ.m.t. málsvarnarlaun verjandans samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Ákærði byggir kröfu um sýknu á því að verknaðarlýsing í ákæru falli ekki að háttsemi hans og sé ekki refsinaem samkvæmt 1. eða 4. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í málinu liggja ekki fyrir hvert frumbrotið sé og engar vísbendingar séu um að þeir fjármunir sem málið lúti að séu illa fengnir. Ákæruvaldinu hafi ekki tekist að útiloka að fjármunirnir séu af lögmætum toga og því ekki axlað sönnunarbyrði sína. Ákærði hafi frá upphafi verið stöðugur í frásögn um uppruna fjármunanna en þeir stafi frá

fyrirtækjarekstri hans. Þá telur ákærði að skilyrði upptöku séu ekki fyrir hendi m.a. vegna þess að tilvísun ákæruvaldsins fyrir heimild til upptöku sé óskýr.

Verjandi ákærðu Petru gerir aðallega þá kröfu að hún verði sýknuð en til vara, komi til sakfellingar, að henni verði gerð sú vægasta refsing sem lög frekast heimila og hún verði skilorðsbundin að öllu leyti. Þá er þess krafist að upptökukröfu verði hafnað. Loks er þess krafist að allur sakarkostnaður málsins verði greiddur úr ríkissjóði þ.m.t. málsvarnarlaun verjandans samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Ákærða byggir kröfu um sýknu á því að ákæruvaldið hafi ekki axlað sönnunarbyrði sína og þá falli verknaðarlýsing í ákæru ekki að háttsemi hennar. Þá sé ekki hægt að samsama alla fjárhæðina sem hafi verið í fórum beggja ákærðu við ákærðu Petru þar sem hún hafi aðeins verið með 10.020 evrur í sínum fórum. Þá hafi ákæruvaldinu ekki tekist að sanna að þeir fjármunir hafi verið ávinningur af refsiverðu broti eða að hún hafi tekið við fjármuninum frá óþekktum aðila. Varðandi upptökukröfuna vísar ákærða til þess að hún hafi ekki átt þá fjármuni sem hún hafi verið með í fórum sínum við handtöku heldur ákærði Mohammed.

V

Niðurstaða.

Ákærðu er gefið að sök peningaþvætti með því að hafa í félagi frá 28. apríl til 1. maí 2023 tekið við samtals 28.180 evrum í reiðufé frá óþekktum aðila eða aðilum en þeim hafi ekki getað dulist að um væri að ræða ávinning af refsiverðum brotum. Ákærðu voru með reiðuféð í vörslum sínum, ákærði Mohammed með 18.160 evrur en ákærða Petra með 10.020 evrur, þegar þau voru handtekin á leið frá landinu 1. maí 2023. Ákærðu neita sök.

Samkvæmt gögnum málsins hafði tollgæsla afskipti af ákærðu við komu hingað til lands 28. apríl 2023 og voru þau þá með enga fjármuni á sér en við brottför frá landinu 1. maí sama ár voru haldlagðar hjá þeim samtals 28.180 evrur.

Fyrir dómi skýrði ákærði Mohammed svo frá að hann stundaði inn- og útflutning á bifreiðum á Ítalíu en [...] hans ræki þar veitingastað. Ákærði hafi komið hingað til lands

28. apríl 2023 ásamt ákærðu Petru en [...] hennar væri vinkona ákærða og [...] ákærðu hafi spurt hvort ákærða Petra mætti fara með ákærða til Íslands. Ákærða hafi viljað kynnast Íslandi og hún hafi skoðað einhverja staði með [...] ákærða hér á landi. Ákærði kvaðst hafa greitt ferðina fyrir þau bæði hingað til lands en hann hafi ekki ætlað að greiða ákærðu sérstaklega fyrir að ferðast með honum. Ákærði hafi komið fyrst hingað til lands í desember 2022 og þá hafi hann komið með 22.000 evrur en svo komið með 2.800 evrur með sér í apríl 2023. Ákærði kvaðst hafa rætt við [...] sinn hér á landi, sem hann mundi ekki fullt nafn á né hvenær hann væri fæddur, um bifreiðaviðskipti. Ákærði hafi athugað með verð á bifreiðum hér og séð að það borgaði sig ekki að kaupa bifreiðar hér á landi og flytja til Ítalíu. Þegar hann hafi farið af landi brott í desember 2022 hafi hann skilið peninga eftir hjá [...] sínum. Ákærði kvaðst ekki hafa sagt ákærðu hvar hann hafi fengið peningana og sagði að 28.000 evrur væru ekki lítilræði en ekki heldur mikið. Ákærði kvaðst hafa átt þá fjármuni sem hafi verið haldlagðir hjá báðum ákærðu.

Í skýrslutöku hjá lögreglu skýrði ákærði Mohammed svo frá að hann ætti inn- og útflutningsfyrirtæki á Ítalíu sem keypti ýmsan varning eins og bifreiðar og fatnað sem hann sendi til Afríku. Hann kvaðst hafa verið að skoða það að stunda viðskipti hér á landi m.a. að kaupa bifreiðar þó vinir hans hér hafi sagt honum að það væri erfitt. Hann hafi hins vegar ákveðið að láta á það reyna því hér á landi væri mikið af sjálfskiptum bifreiðum. Ákærði hafi komið fyrst hingað til lands í desember 2022 en ekkert orðið af viðskiptum. Þá hafi hann skilið pening eða 27.000 evrur, sem hann hafi komið með til landsins, eftir í lítilli tösku í íbúð [...] í Reykjavík. Þegar ákærði hafi komið aftur í apríl 2023 hafi hann verið með 1.000 evrur og ætlað að gera aðra tilraun með viðskipti en það ekki gengið eftir svo hann hafi ákveðið að taka peningana með sér aftur heim. Ákærði kvaðst hafa hitt [...] sinn í desember 2022 sem vinni hér á landi og ákærði hélt að nafn hans væri B. Ákærði mundi ekki hvað hann væri gamall en líklega 18-20 ára. Ákærði sagði að [...] sinn byggji einnig hér á landi og ákærði var ekki viss um hvað hann heitir en hann væri kallaður C [...] og hafi búið hér á landi í meira en fimm ár. Ákærði vissi ekki hvar [...] byggju en það væri í Reykjavík. Hann hafi ekki verið hræddur við að skilja peninginn eftir hér á landi þar sem [...] hans væri heiðarlegur. Ákærði kvaðst hafa ákveðið að láta ákærðu hafa 10.000 evrur því hann hafi talið að hún gæti ferðast með þá fjárhæð vandræðalaust. Viku áður en þau hafi komið til landsins hafi það komið til tals

að ákærða myndi koma með ákærða og það hafi ekki verið rætt að ákærði myndi greiða ákærðu fyrir það. Ákærði kvaðst vera fátækur og búa í leiguhúsnæði.

Framburður ákærða er með ólíkindablæ og ekki var fullt samræmi á milli framburðar hans hjá lögreglu og fyrir dómi m.a. um fjárhæðir sem hann kom með til landsins í desember og apríl 2022. Þá þykir það ótrúverðugt að hann muni ekki nafn [...] síns né hvar hann búi hér á landi en þrátt fyrir það skildi hann eftir hjá honum töluverð fjárhæð í reiðufé í desember 2022. Í skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst ákærði vera fátækur og búa í leiguhúsnæði en þrátt fyrir það skildi hann eftir hér á landi töluverða fjármuni í desember 2022. Þá þykir það ekki sennilegt að ákærði hafi ætlað að stunda bifreiðaviðskipti hér á landi þar sem ekki er vitað til þess að það sé hagstætt að kaupa bifreiðar hér til útflutnings og endursölu í öðrum löndum. Enda ætti að vera auðvelt að sjá að bifreiðar á Íslandi eru almennt ekki ódýrari en í öðrum Evrópulöndum. Þá er ekki vitað til þess að hér á landi sé að finna fleiri sjálfskiptar bifreiðar en í öðrum nálægum löndum m.a. á Ítalíu. Eftir kaup hér á landi á auk þess eftir að flytja bifreiðarnar til annarra landa með tilheyrandi kostnaði. Framburður ákærða hvað þetta varðar er ótrúverðugur og hann hefur ekki lagt fram nein gögn til stuðnings fullyrðingum sínum um bifreiðaviðskipti. Ákærði kvaðst ekki hafa þekkt ákærðu heldur [...] hennar áður en þau ferðuðust hingað til lands í apríl 2023. Það þykir því ekki sennilegt að ákærði hafi tekið ákærðu, sem hann þekktri ekki, með hingað til lands í apríl 2023 að tilhlutan [...] hennar og af góðmennsku einni saman greitt ferðina fyrir ákærðu þ.e. flugmiða og uppihald hér á landi. Ákærði hefur því ekki á trúverðugan hátt gert grein fyrir uppruna þeirra fjármuna sem voru haldlagðir hjá báðum ákærðu við brottför frá landinu. Framburður ákærða er í heild sinni ótrúverðugur og verður því ekki lagður til grundvallar við úrlausn málsins. Fyrir utan það að hann hefur viðurkennt að hafa átt alla þá fjármuni sem voru haldlagðir hjá báðum ákærðu og er það í samræmi við framburð ákærðu Petru og rannsóknargögn málsins. Telst það því sannað að á vegum ákærða hafi verið þær 28.180 evrur sem lögregla lagði hald á hjá báðum ákærðu. Ekkert verður hins vegar fullyrt um raunverulegt eignarhald á haldlögðum fjármunum.

Af hálfu ákærða Mohammed hafa ekki komið fram trúverðugar skýringar á því hver sé uppruni þeirra fjármuna sem haldlagðir voru hjá báðum ákærðu við brottför frá landinu og hann hefur ekki lagt fram gögn sem skýra uppruna þeirra. Hvað það varðar skal tekið

fram að ekki verður séð að lögregla hafi getað rannsakað málið frekar hvað það varðar m.a. í ljósi ótrúverðugs framburðar ákærða sem ekki studdist við nein haldbær gögn.

Fyrir dómi skýrði ákærða Petra svo frá að hún hefði komið hingað til lands með ákærða en hann væri fjölskylduvinur. Hún hafi ekki beðið ákærða um að fá að fara með honum. Hann hafi rætt við [...] ákærðu og spurt hvort hún mætti fara með ákærða. Hann hafi greitt fyrir ferðina en hann hafi ekki ætlað að greiða ákærðu sérstaklega fyrir að fara með honum. Tilgangur ákærðu með ferðinni hafi verið að heimsækja nýtt land og gera eitthvað fyrir ákærða. [...] ákærðu hafi sagt að hún væri aðeins að heimsækja landið og [...] ákærðu hafi ekkert sagt um ákærða. Hér hafi hún og ákærði aðeins farið í verslunarmiðstöð að borða og þar hafi ákærði hitt vin sinn og [...] hans. Þau hafi ekki gert neitt annað hér á landi. Ákærða sagði að ákærði hafi beðið hana að taka þá peninga, sem hún hafi verið með við handtöku, sama dag og þau hafi ætlað af landi brott. Ákærða hafi aðeins átt að flytja peninginn en síðan að láta ákærða hafa þá aftur. Hann hafi sagt að það gæti verði vandamál ef hann yrði með alla peningana. Ákærða kvaðst ekki vita af hverju [...] hennar hafi varað hana við að vera með tösku ef hún vissi ekki innihaldið en það hafi líklega verið af öryggisástæðum. Framburður ákærðu hjá lögreglu var mjög á sama veg en þar kom fram hjá henni að áður en ákærðu fóru til Íslands hafi hún ekkert rætt um ferðina við ákærða og hann hafi sent [...] ákærðu flugmiða hennar.

Með vísan til framburðar ákærðu og rannsóknargagna málsins telst sannað að hún hafi verið með 10.020 evrur í sínum fótum þegar hún var handtekin umrætt sinn. Eins og fram er komið lýsti ákærða því að frumkvæði að ferð hennar hingað til lands hafi komið frá ákærða í gegnum [...] ákærðu en ákærði sé kunningi hennar. Ákærða Petra kvaðst ekki hafa þekkt ákærða nema í gegnum [...] sína. Þá hafi [...] ákærðu varað hana við að taka við tösku ef ákærða vissi ekki hvert innihald töskunnar væri. Ákærða sagði að ákærði hafi greitt fyrir ferð hennar hingað til lands þ.e. flugmiða og uppihald og hefur ákærði staðfest það. Þegar ákærðu hafi ætlað frá Íslandi hafi ákærði beðið ákærðu að taka við og flytja fjármuni en það gæti orðið vandamál ef hann sjálfur væri með þá alla. Þegar horft er til alls þessa verður að telja að ákærða hafi mátt gera sér grein fyrir að ferð hennar hingað til lands með ákærða hafi verið í vafasömum tilgangi og ákærði, sem þekkti ákærðu lítið sem ekkert, hafi ekki greitt fyrir ferð hennar hingað til lands af góðmennsku einni saman. Þá tók hún við fjármunum af ákærða í þeim tilgangi að flytja þá frá landinu

vegna þess að það gæti verið vandamál ef ákærði væri með þá. Ákærðu mátti því vera ljóst að einhver vandræði gætu orðið með umrædda fjármuni og þeir hafi ekki komið til á eðlilegan hátt.

Í ákæru er ákærðu báðum gefið að sök að hafa, í félagi, tekið við samtals 28.180 evrum í reiðufé frá óþekktum aðila eða aðilum á tímabilinu 28. apríl til 1. maí 2023 en þeim hafi ekki getað dulist að um væri að ræða ávinning af refsiverðum brotum. Er háttsemin aðallega heimfærð undir 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga. Þar er tilgreint að refsivert sé að taka við, nýta sér eða afla sér eða öðrum ávinnings af broti á lögnum eða af refsiverðu broti á öðrum lögum. Um skýrleika ákæru sem lýtur að peningaþvætti verður að líta til eðlis slíkra brota og framangreindrar verknaðarlýsingar. Þá kemur fram í athugasemdum með frumvarpi, sem varð að lögum nr. 10/1997 og bættu ákvæði um peningaþvætti í almenn hegningarlög, að líta beri á peningaþvætti sem sjálfstætt brot sem refsað verði fyrir þótt ekki sé samhliða ákært fyrir tiltekið frumbrot. Gildissvið 264. gr. almennra hegningarlaga var fært til núverandi horfs með lögum nr. 149/2009 og tekur það til ávinnings af öllum refsiverðum brotum. Við mat á því hvort ákæra í málinu teljist nægilega skýr er einnig að líta til athugasemda við peningaþvættisákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 149/2009. Þar er tekið fram að meginmarkmið með því að gera háttsemina refsiverða sé að höggva að rótum afbrota með því að uppræta aðalhvata þeirra, þann ávinning sem af þeim kann að leiða, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 200/2002. Samkvæmt því er rétt að líta svo á að það markmið að sporna við viðtöku, nýtingu og öflun ávinnings af refsiverðum brotum sé þungamiðja ákvæðisins og lýsing peningaþvættisbrots í ákæru hlýtur að taka mið af því. Samkvæmt þessu þarf að koma fram í ákæru vegna peningaþvættis að ávinningur sem ákært er vegna stafi af refsiverðu broti en ekki nákvæm tilgreining á því hvert frumbrotið var og heldur ekki hvaða tegund brots eða brota var um að ræða. Hins vegar þarf í ákæru að greina frá og afmarka að hvaða verðmætum ávinningurinn lýtur. Undir rekstri máls þarf ákæruvaldið að sanna að ávinningurinn stafi af refsiverðu broti og nægir þar að sýna fram á með óyggjandi hætti að útilokað sé að ávinningurinn sé kominn til með lögumætum hætti. Um þetta vísast til dóms Hæstaréttar í máli nr. 28/2021. Ekki verður talið að þetta feli í sér að sönnunarbyrði sé lögð á ákærðu í andstöðu við meginreglu 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Með vísan til framanritaðs verður að telja að lýsing

á háttsemi ákærðu í ákæru uppfylli skilyrði laga um efni ákæru, sbr. 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir ákæruvaldinu hafa tekist að sýna fram á með óyggjandi hætti að útilokað sé að reiðufé það sem ákærðu voru með á leið frá Íslandi sé komið til með lögsmætum hætti. Eins og fram er komið hefur ákærði Mohammed viðurkennt að hafa einn átt umrædda fjármuni en hann hafi fengið ákærðu Petru til að taka hluta þeirra í þeim tilgangi að flytja þá frá landinu. Hún hefur sagt að hún hafi tekið við fjármuninum sem fundust í hennar fórum daginn sem ákærðu ætluðu frá landinu. Ekki er ástæða til að draga þetta í efa hvað varðar þátt ákærðu Petru í málinu enda er það í samræmi við rannsóknargögn málsins.

Með vísan til alls ofanritaðs og rannsóknargagna málsins þykir ekki varhugavert að telja hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði Mohammed hafi tekið við 28.180 evrum eins og nánar er lýst í ákæru. Brot ákærðu Petru fólst í því að taka við 10.020 evrum frá ákærða þrátt fyrir að hún mætti vita að þeir fjármunir væru ekki tilkomnir með lögsmætum hætti. Hafa ákærðu unnið sér til refsingar í samræmi við þetta og verður tekið mið af þessu við ákvörðun refsingar þeirra. Brot beggja ákærðu varðar við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þau ekki áður sætt refsingu svo kunnugt sé. Við ákvörðun refsingar Mohammed verður tekið tillit til þess að hann skipulagði eða tók þátt í skipulagningu ferðar ákærðu hingað til lands og tók upphaflega við þeim fjármunum sem málið varðar. Ákærða Petra tók síðan við hluta þeirra fjármuna í þeim tilgangi að flytja þá frá landinu. Með vísan til þessa þykir refsing ákærða Mohammed hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði en refsing ákærðu Petru fangelsi í tvo mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar beggja ákærðu og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þess að telja haldi bæði ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ekki þykir útilokað að mjög lítil hluti þeirra fjármuna, sem voru haldlagðir hjá ákærðu, hafi verið tilkominn með lögsmætum hætti. Ákærðu hafa hins vegar ekki getað gert grein fyrir því um hvaða hluta þar geti verið um að ræða og blandað honum saman við þann

hluta fjármunanna sem var tilkominn með ólögsmætum hætti. Með vísan til þessa verður ekki hjá því komist að gera alla fjárhæðina upptæka, sbr. 69. og 69. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt því skulu ákærðu sæta upptöku til ríkissjóðs á samtals 28.180 evrum auk vaxta og verðbóta af þeirri fjárhæð frá 11. maí 2023 til greiðsludags

Ákærði, Mohammed Musah, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Helga Þorsteinssonar Silva lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af umfangi málsins og tímaskýrslu verjandans 2.256.600 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærða, Petra Anarfo, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Narfa Magnússonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af umfangi málsins og tímaskýrslu verjandans 1.934.400 krónur. Það skal tekið fram að tímaskráning verjanda beggja ákærðu þykir úr hófi samkvæmt tímaskýrslum þeirra miðað við umfang málsins. Ákærða, Petra Anarfo, greiði þóknun verjanda síns á rannsóknarstigi málsins, Ástu Bjarkar Eiríksdóttur lögmanns, 80.600 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við málinu 15. febrúar 2024 en hafði engin afskipti af rekstri þess fyrir þann tíma.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Mohammed Musah, sæti fangelsi í fimm mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða, Petra Anarfo, sæti fangelsi í tvo mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærðu sæti upptöku til ríkissjóðs á 28.180 evrum auk vaxta og verðbóta af þeirri fjárhæð frá 11. maí 2023 til greiðsludags.

Ákærði, Mohammed Musah, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Helga Þorsteinssonar Silva lögmanns, 2.256.600 krónur.

Ákærða, Petra Anarfo, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar

Narfa Magnússonar lögmanns, 1.934.400 krónur og þóknun verjanda síns á rannsóknarstigi málsins, Ástu Bjarkar Eiríksdóttur lögmanns, 80.600 krónur.

Ingi Tryggvason